

Tillaga til 465. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 26. nóvember 2020

Tillaga frá 101. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar, sem fram fór 10. nóvember 2020, um að bæjarstjórn samþykki að hefja vinnu við stefnumótun sveitarfélagsins í frárennslismálum og gerð verði framkvæmdaáætlun til næstu 10 ára.

Þá er jafnframt tillaga um að bæjarstjórn samþykki að Heiða Hrund Jack, skipulagsfulltrúi, verði tilnefnd sem fulltrúi í Vatnasvæðanefnd fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

1. Úttekt frárennslislagna 2016 - 2016110066

Lagður er fram tölvupóstur dags. 29. okt. sl., frá Hólmfríði Þorsteinsdóttur hjá Umhverfisstofnun vegna aðgerðaráætlunar Ísafjarðarbæjar m.t.t. vatnaáætlunar. Áður tilnefndur fulltrúi í vatnasvæðanefnd hefur látið af störfum fyrir Ísafjarðarbæ og tilnefna þarf nýjan aðila í vatnasvæðanefnd f.h. Ísafjarðarbæjar.

Á hverju vatnasvæði er starfrækt vatnasvæðisnefnd. Í nefndinni starfa a.m.k. fulltrúar frá sveitarfélögum á viðkomandi vatnasvæði, frá hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum og frá Umhverfisstofnun og stýrir fulltrúi hennar starfi nefndarinnar

Vatnaáætlun heildstæð og samræmd stjórn vatnamála um allt land með hliðsjón af lögum nr. 36/2011. Markmiðið er að vernda vatn til framtíðar og draga úr álagi á auðlindina. Umhverfislandið eru starfandi fjórar vatnasvæðanefndir og var Umhverfisfulltrúi starfandi fyrir Ísafjarðarbæ og Anton Helgason f.h. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.

Vatnaáætlun og Ísafjörður eða Skutulsfjörður er vatnshlot sem skilgreint var „í óvissu“ árið 2013 vegna losunar skólps í vatnshlotið. Með hliðsjón af óvissustigi þarf að skoða næstu aðgerðir Ísafjarðarbæjar í frárennsli sem veitt er í Pollinn.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarstjórn að hafin verði vinna við stefnumótun sveitarfélagsins í frárennslismálum og gerð verði framkvæmdaáætlun til næstu 10 ára.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur einnig til við bæjarstjórn að Heiða Hrund Jack, skipulagsfulltrúi, verði tilnefnd sem fulltrúi í Vatnasvæðanefnd fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.